

# **LISTIR OG MENNING Í DALSKÓLA**

## **VETURINN 2011 – 2012**



**Lokaskýrsla til Sprotasjóðs  
Dalskóli veturinn 2011 - 2012  
Listir og menning í Dalskóla**

## Markmið: Að auka veg menningar og lista innan Dalskóla.

Í vetur höfum við ígrundað vel hvernig við hlúum að listum og menningu í Dalskóla. Styrkur Sprotasjóðs gaf okkur byr undir báða vængi og veitti okkur fjárhagslegan stuðning og fyrir það erum við þakklát. Við höfum haldið vel utan um skráningu á þeim markmiðum sem við einsettum okkur í upphafi og er samdóma álit okkar þegar litið er yfir farinn veg að vel hafi til tekist. Markmiðin voru eftirfarandi

- Fá listamenn úr ýmsum listgreinum til að starfa tímabundið með börnum og starfsmönnum Dalskóla
- Auka og treysta samstarf við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Skólahljómsveit Grafarvogs
- Nemendur heimsæki með reglubundnum hætti menningar og listastofnanir
- Nemendur miðli listþekkingu sinni reglulega innan skólans sem og utan

Í þessari greinagerð munum við draga saman hvernig til tókst og gera nánar grein fyrir þeim verkefnum sem við tókum þátt í og þeim heimsóknum og því samstarfi sem við erum stolt af. Þessi greinagerð er einnig hluti af starfendarannsókn sem tveir listgreinakennarar (tónlist-myndlist) vinna í Dalskóla í samstarfi við Háskólann á Akureyri undir leiðsögn Birnu Svabjörnsdóttur.

Það væri okkur mikill heiður að fá að kynna þetta verkefni nánar í lærdómssamfélaginu og erum við jákvæð fyrir hverskonar samstarfi og miðlun.



## Áherslur og leiðir til að ná markmiðum í skólastarfi Dalskóla

Í Dalskóla er áhersla lögð á frjótt, leikandi og fræðandi skólastarf á öllum skólastigum. Sköpunarkraftur og hugmyndaflug nemenda er virkjað. Nemendur fá þjálfun til þess að takast á við ýmis verkefni þar sem reynir á hæfni þeirra að leysa vandamál og rými er gefið til gagnrýnnar og skapandi hugsunar. Við leggjum áherslu á lýðræði og virkni nemenda. Þetta er gert með því að nýta samræðuformið, samvinnuaðferðir og fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir.

Nemendur fá frá upphafi skólagöngu tækifæri til að tjá sig með aðferðum listarinnar. Við viljum sjá hugmyndaárík og sjálfsörugg börn sem eru stolt af að koma fram og sýna afrakstur sinn í námi og starfi. Markmiðið er að nemendur séu virkir þátttakendur í skólamenningunni og hafi áhrif hana, viðhaldi gleði, áhuga og forvitni. Þau þjálfu lýðræðisleg vinnubrögð, frjóa, skapandi og gagnrýna hugsun. Þjálfun, metnaður og agi í bland við góða menntun og reynslu er gott veganesti fyrir börnin út í lífið.

Faglegar og fjölbreyttar kennsluaðferðir eru leiðin að þessum markmiðum. Í smiðjum er unnið þverfaglega og nemendur fá að gera tilraunir, vinna með eigið áhugasvið og takast á við hið óvænta. Listgreinar fá rúman tíma í stundaskrá og við notum hvert tækifæri til að koma fram og sýna afrakstur námsins.

Í Dalskóla er samkennsla í þemabundnu námi bæði á milli árganga og innan árgangs. Allir kennarar skólans vinna saman í teyllum að undirbúningi náms og kennslu. Unnið er með yngri nemendur að hluta til í anda hugsmíðahyggjunnar (Dewey), formlegri námsnálgun (Montesori) og nýtingu náttúrunnar í leik og starfi (Reggio). Tónlistarkennsla er byggð á hugmyndafræði Carls Orff.

Hver nemandi fær að lágmarki tvo tónlistartíma og tvo myndlistartíma á viku auk samsöngs á hverjum degi. Í Dalskóla eru aðferðir listgreina notaðar í þemavinnu/smiðjum en smiðjur eru 6 kennslustundir á viku. Í lok hverrar smiðju fer fram námsmat með einhvers konar sýningu. Nemendurnir koma reglulega fram á sviði og sýna afrakstur vinnu sinnar með ýmsum aðferðum.

Börnin leggja sjálf sitt af mörkum til lista og menningar og hafa komið fram víðar en í sínum eigin skóla. Einnig fara þau reglulega í vettvangsferðir til að kynnst því sem menningarstofnanir borgarinnar, einstakir listamenn og listahópar hafa upp á að bjóða.

Í Dalskóla skipar myndlist veigamikinn sess og bera rými og veggir skólans þess vitni. Nemendur fá aðgang að ýmsum miðlum til að koma hugmyndum sínum á framfæri og öðlast þjálfun í fjölbreyttri tækni. Farið er reglulega á listasöfn auk þess sem listasöfnin hafa sótt okkur heim. Við tökum einnig þátt á alþjóðlegum vettvangi og sendum nýverið inn listaverk á Rainbow, alþjóðlega myndlistarkeppni fyrir 4-18 ára börn.

Í smiðjuvinnu er söguaðferðin, útikennsla og aðferðir verk- og listgreina þær aðferðir sem eru lagðar til grundvallar auk þess sem kennt er í gegnum leik.

Í lok smiðju eru foreldrar og aðstandendur kallaðir til á svokölluð smiðjulok þar sem börnin sýna og flytja þær niðurstöður sem fyrir liggja. Hver sú niðurstaða er er ekki vitað í upphafi enda ekki aðalmarkmið í smiðjustarfi að vita niðurstöðuna fyrirfram. Við viljum vinna á frjóan og skapandi hátt þannig að allir taki þátt í að móta nýjar hugmyndir og að nemendur jafnt og starfsfólk hafi gott og gaman af.

Frístundastarf er samofið grunn og leikskólastarfinu og er áhersla lögð á leik, listir, sköpun, útiveru og hreyfingu. Í Dalskóla vinna í frístund hópur af frábæru starfsfólki með fjölbreyttan bakgrunn og nýta þeir krafta sína með nemendum á frjóan, leikandi og listrænan hátt.

Í skólasamfélaginu og nærsamfélaginu er lagt kapp á samstarf nemenda foreldra og starfsmanna og að það samstarf verði opið og nærandi, byggt á gagnkvæmu trausti þar sem allir finni að þeir hafa mikið fram að færa til samfélagsins.



## Samstarf

Dalskóli hefur verið í frábæru samstarfi við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Sá háttur er hafður á að Hafdís Pálsdóttir píanókennari kemur til okkar á mánudagsmorgnum og kennir 6 píanónemendum í 4. og 5. bekk. Tónskólinn leggur til hljóðfæri og borgar kennara laun en fær aðstöðu í Hljóðabjörgum - tónmenntastofu Dalskóla. Foreldrar greiða skólagjöld í Tónskólann. Hafdís hefur lagt á það áherslu að nemendur hennar komi bæði fram á tónleikum innan Tónskólans svo og í Dalskóla.

*Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar. Engjateigi 1 105 Reykjavík sími: 5685828*  
[tsdk@ismennt.is](mailto:tsdk@ismennt.is) <http://www.tonskolinn.com>

Dalskóli hefur einnig átt gott samstarf við Skólahljómsveit Grafarvogs frá haustinu 2011. Zoltán Szklenár, kemur til okkar tvo dagsparta í viku og kennir 5 nemendum í 4. og 5. bekk á málmblásturshljóðfæri. Þessi börn mæta auk þess í skólahljómsveit í Grafarvogi á hljómsveitaræfingu einu sinni í viku. Nemendur hafa komið reglulega fram á tónleikum og nú síðast þegar heimasíða Menningarfánans var formlega opnuð í Dalskóla. Þar komu þau fram ásamt Zoltán kennara sínum.

*Skólahljómsveit Grafarvogs. Logafold 1 112 Reykjavík sími: 5688189*  
<http://grafarvogur.skolahljomsveitir.is/>



Við fögnum þessu samstarfi mjög og leggjum á það ríka áherslu að þeir kennarar sem sækja okkur heim njóti þess að koma til okkar og hafi greiðan aðgang að okkur svo og vinnuaðstöðu. Við hyggjum á enn frekara samstarf í framtíðinni þegar nemendum fjölgar og að þá verði mögulega hægt að bjóða upp á aukið hljóðfæra-aval. Í okkar huga höfum við náð árangri þegar 70% barna hafa valið að stunda hljóðfæranám til lengri tíma eða tímabundið. Af 18 nemendum í 4. – 6. bekk stunda nú sex nemendur píanónám, fimm nemendur blásturshljóðfæranám, einn nemandi slagverksnám og einn nemandi gítarnám. Þetta eru núna tæp 80% nemenda í 4.-6. bekk.

Við höldum reglulega tónleika þar sem tónlistarnemendur spila fyrir samnemendur sína og okkur finnst það forréttindi að geta boðið ungum leikskólabörnum að þjálfa sig í hlustendahlutverkinu og fylgjast með framförum eldri barna, (oft systkini, vinir og nágrannar). Við trúum því að áður en langt um líður eigum við stóran barnahóp sem nýtur þess að hlusta á tónlist.

Í janúar og febrúar fengum við til liðs við okkur góða gesti. Hildur Björk Yeoman fatahönnuður starfaði með nemendum okkar við búningahönnun og var sú vinna í tengslum við smiðjustarfið okkar. Hún hélt fyrirlestur og myndasýningu. Auk þess vann hún ásamt myndmenntakennara með öllum nemendum Dalskóla og uppskárum við í lokin glæsilega tískusýningu.

*Hildur Yeoman fatahönnuður. Grandavegur 40 sími: 6917364 [hilduryoyo@gmail.com](mailto:hilduryoyo@gmail.com)  
[hilduryeoman.com](http://hilduryeoman.com)*



Kramhúsið heimsótti okkur í janúar og var heitur trommusláttur og dans með þeim Ivve, Rubin og Rayen það sem hitaði okkur eina janúarvikuna. Í tengslum við þessa heimsókn bjó hver nemandi til trommu og var því trommuslátturinn og dansinn ærlegur þegar allir komu saman.

*Kramhúsið. Bergstaðastræti 12 101 Reykjavík sími: 5522661 [kramhusid@kramhusid.is](mailto:kramhusid@kramhusid.is), [kramhusid.is](http://kramhusid.is)*



Inga Elín Kristinsdóttir er listamaður í fóstri í Dalskóla. Hún hefur komið og kennt börnunum reglulega og unnið verkefni með börnunum á frjóan og faglegan hátt. Stefnt er að sameiginlegum listburði og er að mótast skemmtileg hugmynd sem vonandi á eftir á líta dagsins ljós. Það er okkar mat að mikilvægt sé fyrir börnin að fá kennslufræðilegan grunn í listgreinni en að sama skapi áhugavert að nálgast listgreina með aðferðum listamannsins.

*Inga Elín Kristinsdóttir myndlistamaður og hönnuður. Svöluhöfða 12 270 Msfellsbær sími:5668577 [ingaelin@hotmail.com](mailto:ingaelin@hotmail.com) [www.ingaelinglerogkeramik.blogspot.com](http://www.ingaelinglerogkeramik.blogspot.com)*

## Frávik og hindranir.

Það verður að játast að við erum mjög ánægð með árangur verkefnisins. Að sjálfsögðu voru einstök frávik frá upphaflegri greinagerð en eins og í öllu skapandi starfi þarf að vera rými fyrir nýjar leiðir og mikilvægt að endanlegar niðurstöður liggi ekki fyrir í upphafi. Við áttum í góðu samstarfi við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Skólahljómsveit Grafarvogs. Ef til vill mætti bæta það samstarf enn meira og fjölga hljóðfæraframboði og er unnið að því á þessari stundu. Keramik breyttist í fatahönnuð og tónlistarkennari frá Slóveníu breyttist í tónlistarkennara frá Minneapolis, smiðjuþemu tóku breytingum en allt var þetta til góðs og skólastarfinu til framdráttar.

Við lítum ögrandi augum á hindranir og teljum það áskorun að mæta þeim jákvætt. Þegar við lítum yfir skólaárið er upplifun okkar einmitt sú að hindranir ruddu jafnframt leiðina og gáfu okkur nýja sýn og ögrandi niðurstöður.





## Ávinningur og mat

Í janúar 2012 leitaði verkefnastjórn menningarfánans til okkar með þá ósk að heimsíða menningarfánans væri formlega opnuð í Dalskóla. Þann 1. febrúar var því mikið um dýrðir í skólanum okkar og komu allir nemendur skólans fram á hátíðarsýningu þar sem var sungið, spilað, dansað auk þess sem myndir og listaverk prýddu veggi og ganga skólans.  
<http://www.menningarfani.is/hvatt-til-menningarstarfs-barna-og-unglinga/>



Um miðjan apríl voru stjórnendur Dalskóla kölluð til og boðuð formlega á setningu Barnamenningarhátíðar í Reykjavík 2012. Við uppskárum svokallaðan menningarfána í formi trommusetts. Þetta var góð viðurkenning fyrir starfið okkar.

<http://www.menningarfani.is/dalskoli-fekk-menningarfana-reykjavikurborgarar/>



Það er mikilvægt hverju skólasamfélagi að hafa góða sjálfsmynd. Nemendur, starfsfólk og foreldrar finna til samkenndar og ábyrgðar, markmiðin verða skýr og leiðin því greið. Verkefnið Listir og menning í Dalskóla hefur fært okkur mikla gleði og hamingju hvort sem við erum njótendur, þátttakendur eða hvoru tveggja. Það gefur okkur byr undir báða vængi og við erum þess fullviss að listir og menning lyftir skólastarfi á hærra plan.

## Niðurstöður og yfirlit listtengdra verkefna

Við komum víða við í listtengdu starfi í vetur. Hér á eftir fylgir yfirlit yfir alla þá viðburði sem við fengum notið. Margir þessara atburða byggja á samstarfi fleiri aðila í nærsamfélaginu og var ákveðin niðurstaða fólgin í því að átta sig á því að það er heilmikið framboð af spennandi verkefnum sem skólum stendur til boða. Hins vegar þarf mannskap og tíma til að fylgjast með því framboði, skrá mætingu, kynna fyrir samstarfsfólki og fylgja hverju verkefni eftir. Það er ekki sjálfsgagt að fá listamann í hús sem gengur inn í ákveðið „kerfi“. Oft eru þessar heimsóknir jafnmikið eða meira álag fyrir okkar starfmenn. Þeir þurfa að mæta allskyns aðstæðum en eru að sama skapi oftast mjög nærandi.

Okkar mat og niðurstaða er að listir og menning er sjálfsgaður hlutur af öflugum og metnaðarfullu skólastarfi. Dalskóli er miðpunktur menningar og lærdóms í þessu skemmtilega nýja samfélagi í Úlfarsárdal. Við ætlum og viljum standa í fararbroddi að gera gott íbúðasamfélag enn betra.

## Listtengd verkefni skólaárið 2011 – 2012

**Reykjavík International Film Festival:** Námskeið í hreyfimyndagerð á vegum Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Stuttmyndagerðina sóttu elstu börn leikskóladeildar Dalskóla ásamt starfsfólki og unnu hreyfimynd með Mickael Greco kvikmyndagerðamanni og starfsmanni RIFF

**Reykjavík International Film Festival:** Stuttmyndasmiðja fyrir grunnskólanemendur. Námskeiðið sóttu sex nemendur í 5. og 6. bekk ásamt aðstoðarmanni og afraksturinn var frábær stuttmynd *Gámaborgin*.

**Taka 2012:** Stuttmyndakeppni grunnskólanna. Keppt var í flokkum hreyfimynda, heimildamynda og leikinna stuttmynda. *Gámaborgin* stuttmynd Dalskóla sigarði í flokki yngri nemenda.

**Gerðuberg, Menningarmiðstöð:** Krummi krunkar úti. Lærum að syngja og kveða íslensk alþýðulög. Sýninguna sóttur 4. – 7 ára nemendur Dalskóla.

**Gerðuberg, Menningarmiðstöð:** Þetta vil ég sjá. Sýning á myndskreytingum úr íslenskum barnabókum sem út komu árið 2011. Sýninguna sóttur 8 ára nemendur Dalskóla.

**Bíó Paradís:** Nemendum í 2. – 6 bekk sóttu kvikmyndasýninguna Borgarljós eftir Chaplin í Bíó Paradís.

**Biophilia -Tónvísindasmiðja Bjarkar:** Allir nemendur í 4. – 5. bekk Dalskóla fengu notið Vísinda og tónlistarmiðju Bjarkar í Hörpu á haustdögum 2011 auk þess að sækja tónleika Bjarkar í Hörpu.

**Listasafn Reykjavíkur:** Flökkusýningin Ferðaflækja / Sjálfbærni og myndlist mætast, kom í heimsókn í Dalskóla í nóvember 2011 og var til sýnis nemendum okkar í þrjár vikur.

Kennarar á öllum skólastigum unnu ásamt nemendum með listaverkin í máli, tónum, ritun og myndlist.

**Listasafn Reykjavíkur:** Flökkusýningin Náttúrusýnir listamanna / Sitt sýnist hverjum, kom í heimsókn í Dalskóla í mars 2012 og verður til sýnis í þrjár vikur. Kennarar á öllum skólastigum vinna ásamt nemendum með listaverkin í máli, tónum, ritun og myndlist.

**Tónlist fyrir alla / Skólatónleikar á Íslandi:** Við höfum fengið til okkar þrenna tónleika á vegum „Tónlist fyrir alla“. Þessa tónleika sóttu eldri börn leikskóla og öll grunnskólabörn.

- Fiðla og gítar. Páll Eyjólfsson og Laufey Sigurðardóttir.
- Skuggamyndir frá Bísans - Ferðalag til Balkanskagans. Ásgeir Ásgeirsson, Haukur Gröndal, Þorgrímur Jónsson og Erik Qvick.
- Tríoþa – kjúklingur og annað fiðurfé. Hallveig Rúnarsdóttir, Jón Svavar Jósefsson og Guðrún Dahlía Salómonssdóttir.

**Dúó Stemma:** Töfraveröld tóna og hljóða. Herdís Anna Jónsdóttir víola og Steef van Oosterhout slagverksleikari héldu tvö tónleika annars vegar fyrir leikskólabörn og hins vegar fyrir grunnskólabörn.

**Sinfóníuhljómsveit Íslands.** Í vetur er áætlað að allir nemendur Dalskóla mæti á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Fyrsti og annar bekkur sóttu tónleika með Pétri og úlfnum nú í mars, eldri nemendur fylgdust og nutu tónlistar við Rómeó og Júlíu og yngstu börnin fara núna síðar á mai á músina Maximús. Lleitast við að vinna með viðfangsefni hverra tónleika fyrirfram og undirbúa nemendur okkar eins og kostur er á.

**Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar:** Samstarf leikskóla með Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Glæsilegir tónleikar í Eldborgarsal Hörpu þar sem elstu börnin okkar stóðu í 250 barna kór og sungu sex lög Ómars Ragnarssonar ásamt hljómsveit við opnun Barnamenningarhátíðar í Reykjavík 2012

**RAINBOW 2012:** International Fine and Applied Arts Competition for Children. Nú í mars sendum við til Ungverjalands ljósmyndir nemenda okkar í þessa alþjóðlegu myndlistarkeppni fyrir 4 – 18 ára börn.

**Borgarbókasafn Reykjavíkur.** Bókabíllinn kemur í Dalskóla á hverjum föstudegi og fjórða hvern þriðjudag. Þá hlaupa allir nemendur til og skipta út bókum. Einnig höfum við þegið boð á Sögusvuntuna sýningu sem Borgarbókasafnið stendur fyrir og var ætluð leikskólabörnum.

**Velferðasjóður barna:** Tvö ár í röð hafa nemendur okkar komið fram og sýnt tónlistaratriði á styrktarhátíð Velferðasjóðsins í Iðnó.

**Félag leikskólakennara:** Elstu leikskólabörnin og tveir yngstu árgangar grunnskólans komu fram með tónlistaratriði í upphafi málþings um Aðalnámskrá leikskóla sem haldin var 7. nóvember í Gullhömrum við mjög jákvæðar undirtektir áhorfenda.

**Menningarfáni Reykjavíkur:** Allir nemendur Dalskóla komu fram á opunarhátíð heimasíðu Menningarfánans í Dalskóla í lok janúar þar sem þau spiluðu, sungu og dönsuðu.

Þetta var víst bara forsmekkurinn því þann 17. apríl hlotnaðist okkur sá heiður að veita menningarfána Reykjavíkur viðtöku. Eini skóli borgarinnar.

**RÚV – Stundin okkar og Sjónarhóll:** Stundin okkar vann efni sem tekið var upp í Dalskóla um trommugerð og trommuslátt í samvinnu við Sjónarhól – sérstök börn til betra lífs. Afraksturinn hefur þegar verið sýndur í Stundinni okkar. Það voru fjögurra og fimm ára börn voru þar í aðalhlutverki.

**Dalskóli:** Nemendur Dalskóla koma reglulega fram á sýningum innan skólans. Á sex vikna fresti eru svokölluð smiðjulok. Þar er aðstandendum boðið í skólann til að líta afrakstur smiðjuvinnu augum. Þröngt er á þingi og mikil gleði og stolt jafnt hjá nemendum svo og öllum þeim sem standa að börnunum, foreldrum og kennurum. Þessar sýningar eru listgreinatengdar og er gestum boðið um allan skóla til að skoða myndir og verk barnanna á veggjum, skartgripasölu, heimatilbúin spil, bíómyndir, hangandi fiðrildi, fugla og furðuverur, horfa á dans og heyra söng og hljóðfæraslátt svo dæmi séu tekin.

Við veitum að sjálfsögðu fúslega allan þær upplýsingar sem óskað er eftir og ef eitthvað vantar hér þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða, Elfu Lilju Gísladóttur. S: 6996789

## **Annað samstarf**

Úlfarsárdalur er nýtt hverfi í Reykjavík. Eina þjónustan í hverfinu er Dalskóli og Íþróttafélagið Fram sem er að koma sér fyrir á nýjum stað í nýju hverfi. Gróðrarstöðin Lambhagi er eina fyrirtækið í hverfinu og er allur skólinn búin að sækja þau hjón Hafberg og Jóhönnu heim í litlum hópum. Það var okkur einnig heiður að taka á móti þeim hjónum í smiðjulok í október þar sem unnið var með umhverfið og þemað *Allt er vænt sem vel er grænt*.

Í hópi foreldra er einn starfandi listamaður Hekla Björk Guðmundsdóttir myndlistarkona. Hún hefur lagt sitt að mörkum þegar við höfum kallað hana til ráðagerðar. Auk þess erum við svo heppin að eiga aðgang að einum afa sem er rithöfundurinn Ragnar Lár höfundur *Moli fluguþrákur* bókanna sem eru hér í hávegi hafðar. Við munum í framtíðinni fagna hvers konar samvinnu við grenndarsamfélagið og leggja okkur fram við að búa til jákvæð samskipti sem nýtist samfélaginu jafnt sem okkur.

Í vetur hafa heimsótt okkur nemar frá Listaháskóla Íslands. Tónlistarkennari Dalskóla hefur verið leiðsagnakennari tveggja kennaranema.

Í mars fengum við góðan gest. Það er háskólanemandinn Kent Gillispie frá Minnisota USA sem stundar hjá okkur nám og kennslu í 12 vikur. Hann er Vestur- íslendingur og hyggst sameina það tvennt að kynnast landi forfeðra sinna auk þess að sinna æfingakennslu. Dalskóli er í samvinnu við Listaháskóla Íslands og University of Minnesota.

Dalskóli hefur á undanförunum tveimur árum verið að þróa skólann með starfendarannsóknum í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Við viljum þróa lærdómssamfélag en það samfélag sér kosti þess að starfsmenn læri í sameiningu og finni sameiginlega fleti á vonum og væntingum. Þetta er samfélag þar sem menn eru stöðugt að skoða hvað þeir geta gert til hagsbóta fyrir

nemendur. Leiðbeinandi okkar í þessu rannsóknastarfi er Birna Svanbjörnsdóttir við Háskólann á Akureyri.

Dalskóli leggur áherslu á heilbrigðan lífsstíl og útveru. Útikennsla er samofin skólastarfinu allt árið um kring. Nemendur fara ásamt kennurum, í lengri og styttri vettvangsferðir sem tengjast ýmsum námsgreinum og falla undir markmið Aðalnámskrár grunn- og leikskóla. Starfsfólk Dalskóla hefur notið leiðsagnar Náttúruskóla Reykjavíkur um aðferðafræði og möguleika útináms. Eitt af mörgum markmiðum útikennslu er að nemendur kynnist höfuðborginni og helstu menningarverðmætum hennar.

Ein smiðja vetrarins var tileinkuð vísindum. Allir nemendur Dalskóla heimsóttu nýja vísindasmiðju Háskóla Íslands. Auk þess fengum við góða gesti frá háskólanum sem kalla sig Sprengjugengið. Það eru namar í eðlis og efnafræði og héldu þau frábæran fyrirlestur hugsaður fyrir eldri nemendur. Yngstu börnin fengu í heimsókn Ævar vísindamann sem frægur er úr Stundinni okkar. Í þessari smiðju var komið víða við og viðfangsefnið nálgast í gegnum verklega þáttinn, hugur, hönd, leikur og viska.

Dalskóli fékk á vordögum alþjóðlega viðurkenningu skóla á grænni grein / Grænfána Landverndar. Í skólanum starfar umhverfisnefnd skipuð stjórnanda, húsverði, kennurum, nemendum og foreldrum markmið hópsins er að innleiða grænar áherslur skólans og leggja okkar af mörkum til þess að efla og bæta umhverfsimál innan skólans og í nærsamfélaginu.

Þann 1. júní var grænfáninn dreginn að húni við hátíðlega athöfn.





DÆLSKÓLI ÞAKKAR FÝRIR SIG.

Vegna þessa rausnarlega styrks frá Sprotasjóði hefur okkur tekist að framkvæma, skrá, líta yfir farinn veg, velta vögnum, ræða og láta hugmyndir verða að veruleika. Það er nærandi og okkur afar mikils virði að geta ígrundað starfið okkar og lært af þeirri reynslu sem við fáum. Vonandi geta fleiri skólar nýtt sér afrakstur þessa verkefnis. Við erum að sjálfsögðu reiðubúin í hvers konar kynningu og erum þegar búin að skrá okkur inn á ráðstefnu um þróunarstarf í skólum í nóvember næstkomandi sem stjórn Sprotasjóðs heldur í samstarfi við Samtök áhugamenna um skólaþróun.

## Rekstrarreikningur

**Launakostnaður starfsmanna Dalskóla 200.000**

Launakostnaður er hér og leggur skólinn hann til að verulegu leiti

### Aðkeyptir sérfræðingar

**Hildur Björk Yeoman – Kramhúsið – Inga Elín - Vísindasmiðja 345.000**

Aðkeyptir sérfræðingar fóru fram úr áætlun, enda fleiri fengnir til vinnu en áætlað var í upphafi

**Ferðakostnaður – rútur 85.000**

Rútuferðir á Sinfóníutónleika. Nánast allar okkar bæjarferðir höfum við ferðast með Strætisvögnum Reykjavíkur en vegna fjölda barna og yngstu barnanna og þegar of stórir hópar eru á ferð verðum við að notast við rútur.

**Efniskostnaður (trommur /leir og leirbrennsla) 185.000**

Annar efniskostnaður leggst á skólann

**Prentun og útgáfukostnaður 50.000**

Prentun og útgáfukostnaður var lægri en áætlað var í upphafi en við erum enn með það opið hvort við komum út skýrslu sambærilegri og við gerðum í verkefninu Heimar í mótun. (sjá fylgiskjal) Ljósritun var hins vegar þó nokkur.

### Húsnæði og aðstaða

Húsnæði og umsýsla er alfarið á okkar kostnað þó að örlítill hluti launakostnaðar sé tekið af styrk Sprotasjóðs

### Umsýsla

Kostnaður vegna kynninga á eftir að leggjast á verkefnið enda teljum við að það bíði haustins og næsta skólaárs Gert er ráð fyrir 100. 000 kr í kynningu á verkefni og 35.000 í prentun og útgáfu skýrslu

**Samtals 1.000.000**